



MANNVIT

MINNISBLAÐ

Tilvísun: 3531342-000-SMO-0003 Tilvísun verkkaupa: 15.05.2017
Til: Akraneskaupstaður
Sigurður Páll Harðarson
Framkvæmdarstjóri

Efni: Heit laug á Langasandi - Greinargerð um hönnun

Mannvit hefur hannað burðarvirki, lagnir og raflagnir fyrir mannvirkið Guðlaugu, heit laug á Langasandi á Akranesi í samræmi við lög nr. 160/2010 um mannvirki. Mannvirkið er setlaug og vaðlaug byggt í brimvarnargarði Langasands opið fyrir haföldu.

Í lögum um mannvirki, grein 23, segir um ábyrgð hönnuða: „Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu, skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.“

Hönnun mannvirkisins af hálfu Mannvits byggir á aðaltekningum arkitekta, samþykktum af byggingarfulltrúa, mælingum yfirborðs á vettvangi, upplýsingum um brimvarnargarð og vænt álag frá sjógangi fengið frá Siglingasviði Vegagerðarinnar. Fundað hefur verið með sérfræðingum á Siglingasviði Vegagerðarinnar um hönnun Mannvits á burðarvirki. Farið var yfir aðstæður með tilliti til álags frá öldu og brimi, sjá í viðauka minnisblað með spurningum til Siglingasviðs og helstu niðurstöður fundar. Siglingasvið Vegagerðarinnar (Siglingastofnun) hannaði núverandi brimvarnargarð og lagði til endurbætur á honum vegna þessa mannvirkis og hannaði þær endurbætur.

Könnun á grundunaraðstæðum fyrir mannvirkið undir grjótgardi hefur ekki farið fram. Í hönnun hefur verið reiknað með að burðarhæfni jarðvegs undir mannvirki sé fullnægjandi fyrir mannvirkið. Í verkframkvæmd þarf að rannsaka aðstæður nánar í samráði við Mannvit. Ef aðstæður reynast óhagstæðar, þarf hugsanlega að endurskoða hönnun á undirstöðum og grundun mannvirkisins.

Meðfylgjandi eru útreikningur Mannvits á stæðni mannvirkisins gagnvart sjávarálagi.

Mannvit er með ábyrgðartryggingu hjá TM ehf.

Kópavogi, 15.maí 2017.

Einar Ragnarsson,
sviðsstjóri Mannvirkja og umhverfissviðs